

Kirkjuþing 2022-2023

26. mál - þskj. 26

## T I L L A G A

**til þingsályktunar um framtíðarskipan framkvæmdanefndar kirkjuþings.**

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Steindóri Haraldssyni; Margræti Eggertsdóttur, Óskari Magnússyni,

Áslaugu Kristjánsdóttur.

Frsm. Steindór Haraldsson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að fela forsætisnefnd að láta fara fram endurskoðun á framtíðarskipan framkvæmdanefndar kirkjuþings.

### Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2021-2022 var kosin nefnd sem hafði þann tilgang að fylgja eftir ákvörðunum kirkjuþings. Erindisbréf var samið fyrir nefndina og hefur hún gengið undir nafninu framkvæmdanefnd. Nefndin var kosin til eins árs. Kirkjuþing var sammála um að þessu ári liðnu væri rétt að endurmeta starfsemi og tilgang nefndarinnar og eftir atvikum að semja um hana starfsreglur. Áður en verður farið í þá vinnu telur flutningsmaður rétt að endurskoðuð verði framtíðarskipan nefndarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir að þessari tillögu fylgi kostnaður.